



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Sérákvæði vegna breytinga í Ásvalla- og Sólvallagötu

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að einstefnuakstur verði á Ásvallagötu til vesturs, milli Ljósvallagötu og innkeyrslu að Hofsvallagötu 15-23
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Ásvallagötu, milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu.
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Ásvallagötu milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu, m.v. akstursstefnu.
- Að einstefnuakstur verði á Sólvallagötu til austurs, austan Hofsvallagötu
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Sólvallagötu, austan Hofsvallagötu
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Sólvallagötu austan Hofsvallagötu m.v. akstursstefnu

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Ásvallagata og Sólvallagata eru tvístefnugötur þar sem bifreiðum hefur verið lagt við kanta báðum megin á stórum hluta þrátt fyrir að göturnar séu aðeins 7-8 m breiðar, annarsstaðar hefur bílum verið lagt á ská án þess að það hafi beinlínis verið skipulagt sérstaklega. Árið 2017 var hugmynd um einstefnu á þessum götum kynnt fyrir íbúum með bréfi og þeim boðið að senda inn athugasemdir. Athugasemd barst um að gæta að því að einstefna væri ekki í sömu átt á báðum götunum sem tekið hefur verið tillit til í þessari tillögu. Síðan hugmyndir um einstefnu voru kynntar íbúum hafa íbúar gengið á eftir því að af breytingunni verði enda eru tækifæri fyrir vélknúin ökutæki til að mætast í götunum fá og erfitt að sinna snjóhreinsun. Þetta veldur því að það tíðkast að bílum sé lagt á hluta gangstétta til að hámarka breidd akbrautar. Á svæðum eins og á Ásvallagötu vestan Hofsvallagötu, þar sem aðstæður eru eins nema þar er einstefnuakstur, tíðkast ekki að lagt sé að hluta á gangstéttum.

Töluvert er hjólað í götunum og gegna þær mikilvægu hlutverki í neti göngu- og hjólaleiða í gamla vesturbænum. Lagt er til að áfram verði heimilt að hjóla í báðar áttir í götunum, líkt og verið hefur. Það er að segja að hjól verði undanþegin einstefnuakstri. Merking um þá undanþágu verði við báða enda götunnar öikumönnum vélknúinna ökutækja og öðrum til upplýsinga. Slíkt fyrirkomulag er nýtt í Reykjavík (en var þó reynt fyrir nokkrum árum tímabundið) en þekkt víða erlendis eins og í Danmörku, Noregi, Hollandi, Þýskalandi, Bretlandi og Belgíu. Í Belgíu er það reglan, þannig að taka þarf sérstaklega ákvörðun um ef það á ekki að vera heimilt að hjóla gegn einstefnu og í Bretlandi eru skýrar leiðbeiningar frá



þarlendum samgönguyfirvöldum um að íhuga það að heimila hjólandi á móti einstefnu þar sem eru einstefnugötur. Ýmsar athuganir og rannsóknir hafa verið gerðar og er það almennt viðurkennt, að það að heimila að hjóla á móti einstefnu við aðstæður eins og í Ásvallagötu og Sólvallagötu eykur ekki líkur á umferðarslysum¹. Það þarf ekki að taka fram að fyrirkomulagið greiðir fyrir og bætir aðgengi hjólandi vegfarenda. Þar sem umferð er jafn lítil og í þessum götum og hámarkshraði ekki meiri en 30 km/klst er ekki talin þörf á að afmarka sérstaka hjólarein eða hjólastíg vegna þessa.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir Ásvalla- og Sólvallagötu með áætluðum umferðarmerkingum.

¹ <https://etsc.eu/wp-content/uploads/Briefing-Contraflow-Cycling.pdf>

